

Stjórnarfundur í Geðhjálp

18. mars kl. 16:30

Mætt: Héðinn Unnsteinsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Einar Kvaran, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Sveinn Rúnar Hauksson, Hlynur Jónasson, Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð.

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 18. febrúar 2021

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Aðalfundur Geðhjálpar 17. apríl nk. (HU)

Aðalfundur verður auglýstur formlega 25. mars nk.

3. Ársreikningur 2020 (GA)

Drög að ársreikningi lögð fram en lokaútgáfa verður kynnt á aðalfundi.

4. Erindi frá Fiona Morrissey (HU)

Geðhjálp hefur borist erindi um fræðslu á vegum WHO, QualityRights Training, um samning um réttindi fatlaðs fólks en Fiona Morrissey hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum til að halda slíkt námskeið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vera í samráði við Reykjavíkurborg, Landspítala og aðra aðila sem hafa staðið að þessu með samtökunum hingað til um útfærslu á næsta námskeiði.

5. Erindi frá stjórn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins (GA)

Geðhjálp hefur borist erindi þar sem samtökunum er boðið að skipa fulltrúa í stjórn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins. Formaður leggur til að Geðhjálp bjóðist til að taka yfir ut anumhald þessa dags að nýju. Stjórn samþykkir tillöguna og felur formanni og framkvæmdastjóra ásamt Elínu Ebbu og Einari Kvaran að hafa samband við stjórn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins í því skyni að bera þessa hugmynd undir hana.

6. Fordómarannsókn (HU)

Til umræðu hefur verið að endurtaka fordómarannsóknina frá 2009. Formaður og framkvæmdastjóri hafa náð saman við Proskahjálp um að taka þátt í helmingnum af kostnaðinum við rannsóknina á mótí Geðhjálpar. Formaður leggur fram tillögu um að halda áfram þessari vinnu og að samþykkt verði allt að 2 milljóna fjárveiting til verkefnisins með fyrirvara um að styrkir fáiist fyrir einhverjum hluta kostnaðarins.

7. Styrktarsjóður (HU)

Lagt er til að 100 milljónum verði ráðstafað af hálfu Geðhjálpar inn á styrktarsjóð Geðhjálpar við stofnun hans í kringum aðalfund 17. apríl. Gjaldkera er jafnframt falið að móta reglur um það hvernig halda beri jafnvægi á því hvernig fjármunir renni úr rekstri Geðhjálpar og inn í sjóðinn til framtíðar.

8. Lög um réttindi sjúklinga (HU)


Lögð eru fram drög að umsögn Geðhjálpar um frumvarp um lög um réttindi sjúklinga. Framkvæmdastjóra er falið að klára drögin í samráði við stjórn milli stjórnarfundar og senda umsögnina til velferðarnefndar. Stjórn samþykkir einnig að falast verði eftir sérfræðialíti um lög um þvinganir í því skyni að styrkja málflutning Geðhjálpar gagnvart þessu og öðrum frumvörpum um málaflokkinn.

9. Önnur mál

Lagt er til að mótuð verði tillaga að lagabreytingu fyrir næsta aðalfund með það að augnamiðið að árið 2022 verði stjórnarmönnum fækkað úr 9 í 7. Samþykkt.

Sveinn Rúnar nefnir þörfina á gagnagruhni yfir geðlækni og sálfræðinga. Framkvæmdastjóri bendir á að yfirlit yfir sálfræðinga er núna að finna á vefsíðu samtakanna.

Fundi slitið klukkan 18:07


Kristinn T. Gunnarsson
Einar G. Kósson
Halldór Antonsson
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Glini Ólafur
Sveinn R. Þorsteinsson